

EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL STJÓRNAR KVÍKU BANKA HF.  
Á AÐALFUNDI BANKANS SEM HALDINN VERÐUR 21. APRÍL 2021:

**Sigurður Hannesson** er stjórnarformaður Kvíku. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2020. Sigurður er fæddur árið 1980 og starfar sem framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Sigurður er með DPhil gráðu í stærðfræði frá Oxford háskóla, BS gráðu í stærðfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í löggildri verðbréfamíðlun. Á árunum 2013-2017 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri á eignastýringarviði hjá MP banka, síðar Kvíku banka. Sigurður var árið 2015 varaformaður framkvæmdahóps stjórnvalda um losun fjármagnshafta og árið 2013 sem formaður sérfræðingahóps um aðgerðir í þágu skuldsettra heimila (Leiðréttingin). Á árunum 2010-2013 starfaði Sigurður sem framkvæmdastjóri Júpíters rekstrarfélags, nú Kvíka eignastýring, og á sviði markaðsviðskipta hjá Straumi fjárfestingabanka á árunum 2007-2010. Sigurður situr í stjórnnum Nýsköpunarsjóðs atvinnulíffsins, Auðnu-Tæknitorgs ehf., Akkurs SI, SI 1 ehf., Sundabogans slhf., Íslenska byggingarvettvangsins, Seapool ehf., BBL 39 ehf. og Krabbameinsfélags Íslands. Sigurður er eigandi 8.550.107 hluta í Kvíku í gegnum einkahlutafélagið BBL 39 ehf. Sigurður hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Guðmundur Þórðarson** er varaformaður stjórnar Kvíku. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2017. Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamíðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá þróunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingarbanka hf. Guðmundur situr í stjórnnum Heddu eignarhaldsfélags ehf., Skeljar Investments ehf. og Attis ehf. og er jafnframt varamaður í stjórn BÍlaleigu BDT ehf. Aðili fjárhagslega tengdur Guðmundi, er eigandi 133.500.000 hluta í Kvíku í gegnum félögin Attis ehf. og SNV Holding ehf. Guðmundur hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Guðjón Reynisson** var kjörinn í stjórn Kvíku í mars 2018. Guðjón er fæddur árið 1963 og er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir, ráðgjafi og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Á árunum 2003-2008 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslana. Á árunum 1998-2003 var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Guðjón hlaut MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2002, lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1986. Guðjón hefur setið í stjórn Festis hf. frá 2014 og Securitas hf. frá 2018. Guðjón ræður yfir 10.410.789 hlutum í Kvíku í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf., en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Helga Kristín Auðunsdóttir** er fædd árið 1980. Helga Kristín lauk BS gráðu í viðskiptalögfræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2004 og ML gráðu í lögfræði árið 2006 frá sama skóla. Lauk hún LL.M. gráðu í lögfræði frá háskólanum í Miami í alþjóðlegum viðskiptarétti og samningagerð. Þá nam Helga Kristín lögfræði við Aristotle háskólann í Thessaloníki í Grikklandi, ásamt því sem hún er í dag doktorsnemi í lögfræði við Fordham háskólann hvar hún hefur m.a. rannsakað fjárfestingar vogunarsjóða og hvaða þættir hafa áhrif á það hvernig þeir beita sér sem hluthafar í skráðum félögum. Helga Kristín hefur starfað í um níu ára skeið sem stjórnandi og lektor við Háskólann á Bifröst. Þar áður starfaði hún sem lögfræðingur FGM/Auðkennis, nú hluti af Seðlabanka Íslands, sem lögfræðingur hjá

Stoðum hf., áður FL Group, og sem kennari við lagadeild University of Miami árið 2010-2011. Helga Kristín sat í aðalstjórn TM hf. frá árinu 2020 og í varastjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á árunum 2012-2015. Helga Kristín á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Kristín Friðgeirsdóttir** er fædd árið 1971. Kristín er með doktorsgráðu í rekstrarverkfræði frá Stanford háskóla og meistargráðu í fjármálaverkfræði frá sama skóla. Þá hefur Kristín BS gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Kristín starfar sem aðstoðarprófessor í stjórnunar- og rekstrarfræðum við London Business School og er jafnframt sjálfstætt starfandi alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi. Kristín hefur starfað við ráðgjöf, rannsóknir og kennslu á sviði ákvarðanatöku, áhættustýringar, verðlagningar og tekjustýringar. Hefur hún m.a. starfað við ráðgjöf og kennslu hjá McKinsey, Lloyd's, Lufthansa, Rabobank, Santander, Sberbank og öðrum alþjóðlegum fyrirtækjum. Kristín var skipuð í stjórn TM hf. í ágúst 2013. Hún situr í stjórnnum Controlant hf., Distica hf. og Völku ehf., ásamt því að vera varamaður í stjórn Bolmagns ehf. Kristín var stjórnarformaður Haga á árunum 2011-2019 og í stjórn háskólaráðs Háskólans í Reykjavík á árunum 2009-2020. Kristín á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

#### EFTIRTALDIR AÐILAR ERU Í FRAMBOÐI TIL VARASTJÓRNAR KVÍKU BANKA HF.:

**Inga Björg Hjaltadóttir** var kjörin í stjórn bankans í apríl 2013 og var varamaður í stjórn frá 2011-2013. Að auki er hún nefndarmaður í starfskjaranefnd Kvíku og endurskoðunarnefnd Kvíku ásamt því að vera nefndarmaður í starfsnefnd stjórnar Kvíku eignastýringar. Inga Björg er fædd árið 1970. Hún útskrifaðist með Cand. Jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Hún er einn stofnenda og hefur starfað hjá Attentus mannauði og ráðgjöf frá árinu 2007, síðustu ár sem framkvæmdastjóri félagsins auk þess að sinna ráðgjöf og lögmannsstörfum. Inga var meðeigandi í Lögfræðistofu Reykjavíkur 2016-2020 og hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2003. Áður var Inga deildarstjóri hjá Eimskip 1999-2003, lögfræðingur og síðar staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar á árunum 1996-1999. Inga hefur áður setið í stjórnnum Carbon Recycling International, Límtrés Vírnets, E-Farice og Smellins eignarhaldsfélags. Hún var einnig áður nefndarmaður í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Strætó BS, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Sorpu, Félagsbústaða og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Inga er einnig dómari í Félagsdómi f.h. íslenska ríkisins, tilnefnd af fjármálaráðherra, og formaður kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Inga var jafnframt stundakennari í alþjóða viðskiptarétti við Háskólann á Bifröst árin 2004-2011, auk þess sem hún sinnti kennslu í lögfræði fyrir nemendur í fjármálaverkfræði við Háskólann í Reykjavík árin 2005-2008 og tilfallandi stundakennslu við HR og Opna háskólann. Inga á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

**Sigurgeir Guðlaugsson** er fæddur árið 1976. Hann starfar sem fjárfestir og framkvæmdastjóri Citalfort Consulting slf. Sigurgeir lauk B.Sc. prófi í Alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School árið 1999. Hann starfaði á fyrirtækjasviði Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, síðar Íslandsbanka, á árunum 1999-2003. Þá starfaði hann hjá Actavis Group á árunum 2003-2006 þar sem hann var yfir alþjóðlegum samrunum og yfirtökum (e. Global Head of M&A). Sigurgeir var framkvæmdastjóri fjárfestinga í heilbrigðisíðnaði hjá Novator á árunum 2006-2009. Hann stofnaði ráðgjafarfyrirtækið Citalfort Consulting slf. í árslok 2009 og hefur starfað þar síðan, ef undan eru skilin árin 2013-2016, þegar hann var meðeigandi og starfsmaður H.F. Verðbréfa hf. árið 2013 og forstjóri líftækniyrirtækisins Zymetech



ehf. árin 2014-2016. Sigurgeir hefur setið í stjórnnum Straums fjárfestingarbanka hf., Actavis Group hf., Actavis Inc., Enzymatica AB, FlyOver Iceland ehf. og Scandinavian Biogas AB. Í dag er Sigurgeir stjórnarformaður í félögunum Citalfort Consulting slf., Citius ehf., Fjárfestingarfélaginu Katla Holding ehf., Heklu Invest ehf., U.M.F. Stjörnunni og Ögurási ehf., ásamt því sem hann situr í stjórnnum 3Z ehf. og Coripharma Holding hf. Sigurgeir á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.